

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Alþingi
Erindi nr. P 125/1137
komudagur 22. 3. 2000

Efni: Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um þjónustukaup (þingskjal 120 - 111. mál).

Laganefnd LMFÍ hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og vill af því tilefndi koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. Laganefnd LMFÍ telur vafasamt að það þjóni hagsmunum neytenda að festa í lög reglur eins og þær sem felast í lagafrumvarpinu. Telur nefndin mjög líklegt er að þjónusta sem lögin taka til verði mun dýrari en hún er nú vegna þess umstangs og skrifræðis sem af lagasetningunni leiðir. Jafnframt telur nefndin að löggjöf sem þessi sé til þess fallin að ala á tortryggni í samskiptum manna um tiltölulega einföld verk.
2. Nefndin telur efnisreglur í frumvarpinu í öllum aðalatriðum vera í samræmi við gildandi rétt hér á landi. Reglur um þessi efni hafa að mestu mótast í lagaframkvæmd með lögskýringum á grundvelli samningaréttar og telur nefndin ekki vera fyrir hendi teljandi réttaróvissu á þessu sviði. Lögfesting reglna eins og þeirra sem frumvarpið gerir ráð fyrir er þess vegna að mati nefndarinnar óþörf, og hún getur haft í för með sér óheppileg áhrif á viðskiptavenjur sem mótast hafa á tilteknum sviðum.
3. Í ljósi þess að nefndin telur lögfestingu frumvarpsins ekki mundu vera til bóta gerir hún ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Ástæða þykir þó vera til að benda á, að svo virðist sem mistök hafi orðið við textavinnslu í 2. mgr. 37. gr., en seinni setningin í því ákvæði virðist eiga heima í 2. mgr. 38. gr.